



ORKUSTOFNUN

Jarðfræðikortagerð á Orkustofnun áætlanir
um vinnuframlag 1997 og 1998

Helgi Torfason

Greinargerð HeTo-97-04

Jarðfræðikortagerð á Orkustofnun áætlanir um vinnuframlag 1997 og 1998

Orkustofnun hefur kortlagt jarðfræði á væntanlegum virkjanasvæðum landsins frá stofnun 1967, og raunar lengur því Orkustofnun er stofnuð út úr Raforkumálaskrifstofunni. Kortlagning á jarðfræði var nauðsynleg vegna virkjanaáætlana og síðar framkvæmda, einkum vegna vatnsaflsvirkjana. Ástæðan var sú að jarðfræðikort voru ekki til í nægilega nákvæmum mælikvarða til að byggja á varðandi mannvirki. Kortlagning vegna jarðhitavirkja hefur verið í svipuðum mæli á háhitasvæðum, en oftast mun minni á lághitasvæðum og þá einkum til að staðsetja borholur. Mörg háhitasvæðanna hafa ekki enn verið kortlögð.

Fremur lítið hefur verið kortlagt af jarðfræði utan virkjanasvæða. Þó þarf að líta til þess að vegna virkjana þarf ætíða að rannsaka jarðfræði á mun stærra svæði en það svæði þar sem virkjunin og mannvirki henni tengd munu standa. Þetta er vegna þess að jarðlög eru óregluleg og bæði jarðmyndanir og brotakerfi mynda heildir sem verður að skoða í samhengi. Á Orkustofnun hefur síðan farið var að litprenta kort verið unnin heil kortblöð og því kortlagt talsvert útfyrir svæði sem nauðsynlegt var vegna fyrirhugaðrar virkjunar. Í sumum tilfellum hafa aðrir aðilar komið að hluta þessa verks eins og t.d. Hitaveita Reykjavíkur vegna korts af Hengli í kvarða 1:50.000, en þar var eitthvað kortlagt útfyrir svæði sem telst nauðsynlegt vegna virkjunar. Erfitt er að meta þennan aukakostnað við kortagerðina nákvæmlega, en varla hefur þar verið farið yfir 15-20% vinnunnar. Slíkar upplýsingar hafa hins vegar ætíð komið sér vel seinna, enda hefur OS verið duglegust stofnana á landinu við að kortleggja jarðfræði landsins.

Orkustofnun hefur á sl. árum unnið talsvert að jarðfræðikortlagerð utan virkjunarsvæða, t.d. umhverfis Reykjavík. Slík vinna hefur þá verið unnin sem söluverk, enda er slík kortlagning ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar.

Jarðfræðikortlagning hefur dregist mikið saman á sl. árum og er hluti hennar árið 1997 nálægt 10 milljónum en fyrir árið 1998 er áætlað að kostnaður við slíka vinnu verði nálægt 6 milljónum, nær eingöngu rannsóknir vegna fyrirhugaðra vatnsafls- og jaðrhitavirkjana. Þessar tölur eru ekki nákvæmar, enda byggt á áætlunum um verkhluða. Þær eiga þó að gefa stærðargráðu þessarar vinnu.

Helgi Torfason 16. júlí 1997

Ríkisauði jarðfræðikortlagningar fyrir 1997 og 1998. Aðeins Verkefni með jarðfræðihluta	Verknar	Stutt lýsing	Ásteða ransóknar	Keypt af ROS 1997 kr	Hlutu jfr. % jarðfræðivinnu 1997	Kaup á stáða 1,998 kr	Keypt 1998 kr	Hlutu jfr. % jarðfræðivinnu 1997	Kaup á stáða 1,998 kr
V-sökulsá	520-643	Jarð-teið, líndir, skýrsla.	vánsafsvirkjun	1,559,902	100	1,559,902 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	50
A-sökulsá: Höfsaftétt	520-644	Yndigöng, höfumtekt, skýrsla.	vánsafsvirkjun	1,157,617	100	1,157,617 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	100
A-sökulsá: Vesturdalur	520-645	Yndigöng, höfumtekt, skýrsla.	vánsafsvirkjun	1,835,560	100	1,835,560 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	100
Skiálfandafljót	520-673	teknar kort og úrvinnslu	vánsafsvirkjun	639,320	0	0 lokð 1997	0 lokð 1997	0	0
Jökulsá á Fjöllum	520-710	Frág. kort, gagna umma, skýrsla	vánsafsvirkjun	1,000,483	100	1,000,483 frestað	1,998 frestað	0	100
Jökulsá á Dal	520-730	höfumtekt jarðfræðikort	vánsafsvirkjun	1,000,000	100	1,000,000 framhald	1,998 framhald	0	1,000,000
Hraunavirkjun	520-767	Ljuka ramsóknar - skýrslugerð	vánsafsvirkjun	1,049,478	100	1,049,478 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	100
Skaftarveita	520-820	úrvinnslu og skýrslugerð	vánsafsvirkjun	1,190,165	100	1,190,165 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	20
Skálá-neori hluti	520-820	úrvinnslu og skýrslugerð	vánsafsvirkjun	0	20	0 framhald	3,000,000 framhald	75	2,250,000
Rat: Brennisteinsjöll	720-101	kort af hraunum, skýrkinni og hraunum	árdhilitavirkjun	367,630	100	367,630 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	100
Rat: Toltajökull	720-102	Sýntakar og efnaþrununar?	árdhilitavirkjun	2,538,051	0	0 framhald	1,998 framhald	35	2,100,000
Rat: Yliðborðsr. Sandell	720-110	Getið sprónumukari og TEM meðingar	árdhilitavirkjun	3,901,670	20	780,334 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	20
Rat: Fordalræðisluðar	720-105	Síðun, meðingar og freining á ekki	árdhilitavirkjun	4,000,000	5	200,000 framhald	1,998 framhald	5	300,000
Rat: Yliðborðsr. Sveiflháls		Getið sprónumukari og TEM meðingar	árdhilitavirkjun	0	20	0 lokð 1997	1,998 lokð 1997	75	750,000
Framlag til aðmennir íff-ramsóknar		Jarðfræðikortlagning	ransóknir	0	100	0 lokð 1997	1,998 lokð 1997	0	0
				20,239,876		10,141,169		17,000,000	
<hr/>									
Samspil með ramsóknunum 1997									
Láttu, enu, þá miðaðum 1998		10,141,169		6,400,000		6,400,000			
Lákkum í kaupum		3,741,169							